

Auglýsing um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja, Vesturvegur 6.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti þann 9. apríl 2025 tillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar við Vesturveg 6. Gögnin eru auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 á tímabilinu 29. janúar til 12. mars 2025.

Tillaga að breyttu skipulagi gerir ráð fyrir tveggja hæða húsi auk kjallara á lóð við Vesturveg 6 þar sem geti verið allt að 5 íbúðir. Grunnflötur byggingareits íbúðarhúsnæðisins verður 110 m² en auk þess er gert ráð fyrir 27,8 m² reit fyrir geymslur á baklóð við lóðamörk til norðurs. Hámarksveggghæð frá Vesturvegi verður 7,75 m en lóðin hallar til norðurs og verður gólfkóti á norðurhlið um 1,51 m hærri en á suðurhlið. Þannig verður inngangur að kjallaraíbúð í gólfkóta við norðurhluta lóðarinnar.

Breytingin styður við meginmarkmið Aðalskipulags Vestmannaeyja 2015-2035 um að æskilegt sé að byggja í þær eyður sem eru í byggðinni og fjölga íbúðum, sérstaklega á efri hæðum. Þar sem húsið er í svipaðri hæð og nálæg hús auk þess sem lóðin er á miðsvæði þar sem nokkuð framboð er af almennum bílastæðum er gert ráð fyrir að grenndaráhrif byggingarinnar og fjölgun íbúða verði ásættanleg.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð sbr. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 13. maí 2025.

Dagný Hauksdóttir, skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 15. maí 2025